

Útskriftarræða H22

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, útskriftarnemar, fjölskyldur og aðrir gestir

Ég heiti Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, kem frá Selfossi og er hluti af útskriftarhópi Fjölbrautaskóla Snæfellinga á þessari haustönn árið 2022. Mér hefur verið fenginn sá heiður að segja hér nokkur orð við þessa athöfn.

Fyrir nokkrum árum sátum við hjónin, ég og Þorvaldur sem einnig er að útskrifast hér í dag, í þessum hátíðarsal þegar dóttir okkar og tengdadóttir útskrifuðust sem stúdentar, en þær eru einnig með okkur hér í dag. Þegar við horfðum á þær hér uppi á sviði á þeim tíma, datt okkur ekki í hug, að við tvö ættum eftir standa í sömu sporum, að útskrifast sem stúdentar frá þessum sama skóla.

Ákvörðunin um að byrja aftur í skóla, eftir langa pásu, var frekar auðveld, eftir að hafa fylgst með þeim í náminu hér, því þær töluðu um að utanumhaldið væri gott og námið auðvelt og skemmtilegt. Það má því segja að upplifun þeirra af náminu hafi kveikt hjá okkur áhugann og í framhaldinu var val um skóla nokkuð augljóst.

Þessar opnu brautir sem boðið er upp á í skóla eins og þessum, hjálpa fólki eins og mér mikið, við að fara aftur af stað í nám. Fólk á mínum aldri er búið að læra ýmislegt misjafnlega gagnlegt í gegnum lífið, en það er jafnvel metið inn sem valfög og telur því sem einingar upp í þann einingafjölda sem krafist er til útskriftar. Fjarnámið opnar síðan möguleika fyrir enn fleirum að hefja nám, því þeir sem hætt hafa í skóla eru komnir með ýmsar skuldbindingar sem gerir þeim ekki kleift að sleppa vinnu og geta þeir þannig sinnt náminu á kvöldin og um helgar. Og eins og skólameistari nefndi hér áðan þá eru 8 af 11 útskriftarnemum hér í dag fjarnemar.

Verkefnin í áföngunum voru eins og margir vita ýmiskonar og verð ég að viðurkenna að endrum og sinnum komu blótsyrði vegna þeirra.....já það breytist ekkert þó maður eldist. Það sem hins vegar var öðru vísi núna en þegar ég var yngri er, að áhuginn á náminu var meiri, áhuginn á verkefnunum og uppsetningu þeirra var meiri OG ég gaf mér meiri tíma í að lesa mér til og vinna verkefnin vel úr hendi. Þetta til dæmis skapaði það að við hjónin vorum komin í keppni okkar á milli, hvort okkar næði hærri einkunn úr áföngunum. Í einum áfanganganum, heilbrigðisfræði, stóð sérstaklega naumt, en þar endaði hann ofar á prófinu en ég. Heiðarleg tilraun mín til að reyna að hækka einkunnina mína með ábendingum til kennara dugði ekki til að komast ofar en hann.

En það eru bæði kostir og gallar við að vera orðinn fullorðinn þegar maður er að útskrifast. Kostirnir eru helst þeir að maður verður samviskusamari og áhugasamri um námið, jafnvel smámunasamur. En gallinn er kannski sá, að maður þarf sjálfur að halda útskriftaveisluna sína. En það kemur samt niður á það sama, að fjölskyldan sem er manni kærust fylgir manni í gegnum þessi tímamót og aðstoðar við undirbúninginn.

Eitt af því sem ég hef sagt við ungt fólk í kringum mig er að klára námið á meðan það er ungt, því eftir að maður eldist þá fjölgar verkefnunum í lífinu. Þessi verkefni eru af ýmsum toga, það eru börn og barnabörn, vinna, heimili, garður o.s.frv. Þið sem eruð fullorðin þekkið þetta. Svo eru það óumbeðnu verkefnin sem maður fær í hendurnar, eins og í mínu tilfelli krabbamein, sem ég greindist með í byrjun vorannar á þessu ári. Það voru vissulega erfiðar vikur fyrst á eftir, að halda athyglinni við námið, en ég náði að klára vorönnina. Veikindin stjórnðu verkefnum sumarsins svolítið, en ég ákvað að halda áfram nú í haust og láta þetta ekki stoppa mig. Skólinn hefur hjálpað mér heilmikið í veikindaferlinu, og hef ég alla daga haft að einhverju að snúa. Ég hef komist að því að krabbameinslyf eru ekki sérlega hjálpleg

hvað varðar minnið, og hefur ein aðal áskorunin í haust því verið að reyna muna það sem ég var að lesa, muna það nógu lengi til að koma því sæmilega frá mér í formi verkefna. En þetta bjargaðist allt saman og ég stend hér í dag ásamt ykkur búin að klára námið!

Ég er að hugsa um að halda mig áfram á persónulegu nótunum. Það sem ég hef lært á þessu tímabili, fyrir utan ensku, íslensku, stærðfræði og þetta helsta sem kennt er í skólanum, er að njóta augnabliksins, njóta þess að vinna að því sem maður tekur sér fyrir hendur og missa ekki sjónar af skemmtanagildinu í þessu lífi. Eins og allir vita þá er allt auðveldara þegar það er gaman, þó að þau verkefni sem verið að glíma við þá stundina séu ekki upplífandi eða skemmtileg, hvort sem það er í skóla, vinnu eða einkalífi þá hafa verkefni þann kost að þau eru tímabundin. Við getum því alltaf látið okkur hlakka til næsta verkefnis, þar sem við getum nýtt okkur það sem reynslan úr fyrri verkefnum hefur kennt okkur.

Við hjónin erum ekki búin að ákveða með áframhaldandi nám, og má því segja að við séum ekki búin að ákveða hvað við ætlum að verða þegar við verðum stór. Langar mig að enda á tilvitnun frá söng og leikkonunni Lily Tomlin, sem hafði reyndar fleiri starfstitla, en á áttæðis aldri sagði hún: „mig langaði alltaf til þess að verða eitthvað, en ég sé það nú að ég hefði átt að skilgreina það betur“

Kæru útskrifarnemar, mig langar að óska okkur öllum innilega til hamingju með þennan frábæra árangur!

Takk fyrir